

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUR

um málsmeðferð samkeppnisfirvalda.

I. KAFLI

Hlutverk og starfssvið samkeppnisfirvalda.

1. gr.

Hlutverk samkeppnisfirvalda, þ.e. samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar, er að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga og þeirra sérlaga sem svo mæla fyrir um.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Í því felst m.a. að Samkeppnisstofnun:

- aflar gagna í þeim málum sem samkeppnisfirvöld hafa til umfjöllunar hverju sinni,
- leitar sjónarmiða aðila að málum sem samkeppnisfirvöld hafa til umfjöllunar,
- framkvæmir frumathugun á máli sem leggur grundvöll að frekari meðferð þess,
- leitar samkomulags við aðila um að framkvæmdar verði ráðstafanir sem geti leitt til þess að samkeppnisfirvöld hætti afskiptum af máli (sátt),
- tekur bráðabirgðaákvæðanir þegar sérstakar aðstæður krefjast þess,
- tekur ákvarðanir á neðra stjórnsýslustigi skv. ákvæðum samkeppnislaga og reglna þessara,

- g. að höfðu samráði við formann boðar fundi í samkeppnisráði,
- h. annast jafnan samskipti samkeppnisráðs við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stjórnvöld og dómstóla,
- i. annast samskipti við erlend samkeppnisyfirvöld og aðrar erlendar stofnanir.

2. gr.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og ennfremur í málum sem hafa stefnumarkandi eða víðtæk áhrif.

Samkeppnisráð tekur íþyngjandi ákvarðanir á grundvelli samkeppnislaga og veitir undanþágu frá lögnum, sbr. þó 3. og 4. gr. reglna þessara.

3. gr.

Samkeppnisstofnun tekur ákvarðanir um einstök mál ef samkeppnislög mæla svo fyrir um, sbr. t.d. 32. gr., 39. gr. og 41. gr. samkeppnislaga. Ef ljóst er af fordæmum samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar samkeppnismála eða af ákvæðum samkeppnislaga að ekki er ástæða til að taka íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun eða birta álit er Samkeppnisstofnun heimilt í slíkum málum að taka ákvörðun á neðra stjórnarsýslustigi.

Þegar fyrir liggur niðurstaða samkeppnisráðs í sambærilegu máli er Samkeppnisstofnun heimilt að taka íþyngjandi ákvörðun á neðra stjórnarsýslustigi í málum sem falla undir 20.a., 21. og 22. gr. samkeppnislaga eftir að álits auglýsinganefndar hefur verið aflað.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er Samkeppnisstofnun heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál þegar sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þolir ekki bið. Ákvarðanir til bráðabirgða skulu lagðar fyrir næsta fund samkeppnisráðs. Skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna frá því hún var tekin ella fellur hún úr gildi.

Ef ekki þykir ástæða til að taka bráðabirgðaákvörðun er Samkeppnisstofnun heimilt að beina tilmælum til málsaðila um að láta af tiltekinni háttsemi þar til ákvörðun hefur verið tekin í málinu. Slíkum tilmælum skal einungis beitt í þeim tilvikum þar sem sennilegt þykir að háttsemi fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum skv. þeim eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

II. KAFLI

Upphaf máls.

5. gr.

Samkeppnisyfirvöld taka mál til meðferðar, hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði. Mál geta verið tekin til meðferðar að eigin frumkvæði t.d. á grundvelli:

- a. óformlegra ábendinga frá einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum,
- b. upplýsinga sem birtast í fjölmiðlum,
- c. mats á samkeppnisskilyrðum á einstökum mörkuðum.

6. gr.

Erindi sem beint er til samkeppnisyfirvalda skulu að öllu jöfnu vera skrifleg og þar skal greint frá nafni, heimilisfangi og kennitölu þess sem sendir erindið, auk netfangs hans

ef um slíkt er að ræða. Erindi skal undirritað af þeim sem ber það fram eða umboðsmanni hans. Unnt er að krefjast vottorðs til sönnunar á umboði.

Lýst skal tilefni erindis og skýrt hvaða lögvörðu hagsmuna hlutaðeigandi hafi að gæta, sbr. 9. gr. reglna þessara. Málavextir skulu skýrðir eins ítarlega og kostur er. Erindum skal jafnan fylgja rökstuðningur með vísan í lagaákvæði og þau sönnunargögn sem tiltæk eru og máli skipta, svo sem samninga, viðskiptaskilmála, fundargerðir og hagtölur. Ef unnt er skal bent á aðila sem staðfest geta málsatvik. Ef við á skal einnig lýsa þeim markaði sem erindið tekur til og þeim aðstæðum sem á honum ríkjja. Jafnframt skal gera grein fyrir helstu keppinautum og viðskiptavinum ef það þykir skipta máli. Taka skal fram ef leitað hefur verið til annarra stjórnvalda eða dómstóla vegna málsins.

7. gr.

Sá sem ber upp erindi við samkeppnisyfirvöld getur óskað eftir því að nafni hans verði haldið leyndu. Ef líklegt má telja að hagsmunir viðkomandi skaðist ef greint er frá nafni hans, skal fallast á ósk um nafnleynd.

8. gr.

Samkeppnisyfirvöld geta ákveðið að taka aðsent erindi til meðferðar að eigin frumkvæði þrátt fyrir að það sé ekki sett fram með réttum hætti eða af réttum aðila, sbr. 6. gr.

9. gr.

Þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eiga aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum.

10. gr.

Telji samkeppnisyfirvöld að erindi fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð eða gefi ekki tilefni til athugunar af öðrum ástæðum skal hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu. Jafnframt skal kynna kæruleið og frest til að skjóta niðurstöðu samkeppnisfyrvalda til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

III. KAFLI Málsmeðferð.

11. gr.

Ákveði samkeppnisyfirvöld að taka mál til meðferðar skal þeim einstaklingi, lögaðila eða stjórnvaldi sem athugun beinist að, skýrt frá efni þess og gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum, nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum, t.d. þegar til álita kemur að beita heimild 40. gr. samkeppnislaga.

Ákveði samkeppnisyfirvöld á einhverju stigi máls að nýta heimild 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga til forgangsroðunar mála, skal aðilum þess máls sem tefst í meðferð vegna þessa, tilkynnt um hina fyrirsjáanlegu töf og greint frá því hvenær ákvörðunar megi vænta.

Í málum sem rekin eru á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga skal málsmeðferð taka mið af tímafrestum ákvæðisins. Aðilum skal því veittur skammur frestur til að koma að sjónarmiðum sínum og til að veita upplýsingar. Hið sama á við um þriðja aðila sem leitað er til um upplýsingar.

12. gr.

Þegar til álita kemur að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 4. gr. reglna þessara, hvort sem er á grundvelli kröfu eða að eigin frumkvæði Samkeppnisstofnunar, skal þeim aðila sem slík ákvörðun kann að beinast að gert viðvart eins skjótt og auðið er. Skal honum kynnt

efni og fyrirbyggjandi gögn málsins, sbr. þó 14. gr. reglnanna. Veita skal aðila skamman frest til að koma að sínum sjónarmiðum. Að frestinum liðnum skal Samkeppnisstofnun taka málið til ákvörðunar.

13. gr.

Aðilar að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum eiga rétt á að kynna sér gögn sem málið varða, sbr. þó 14. gr. reglna þessara. Senda skal málsaðila gögn sem berast frá gagnaðila eða vekja athygli á tilvist þeirra. Samkeppnisstofnun skal vekja athygli aðila á öðrum gögnum en stafa frá málsaðilum, teljist þau til málsgagna, og gefa þeim kost á að kynna sér þau. Þetta tekur þó ekki til gagna sem teljast vera opinber og öllum aðgengileg.

14. gr.

Samkeppnisyfirvöldum er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls ef hagsmunir þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, einkum þegar um er að ræða viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar sem eðlilegt má telja að leynt fari.

Ef aðilar máls láta samkeppnisyfirvöldum í té gögn eða upplýsingar sem að mati þeirra eiga leynt að fara skulu þeir óska eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna séu að þeirra mati trúnaðarmál. Sé þess kostur skal samkeppnisyfirvöldum einnig látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar á brott. Ef ekki er sett fram ósk um trúnað er samkeppnisyfirvöldum rétt að líta svo á að viðkomandi gögn eða upplýsingar innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar.

Ákvörðun samkeppnisyfirvalda um að synja eða takmarka aðgang málsaðila að gögnum skal rökstudd og tilkynnt aðilum. Í tilkynningu skal greina málsaðilum frá rétti þeirra til að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan 14 daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.

15. gr.

Ávallt skal ljúka gagnaöflun með athugasemdum þess málsaðila sem erindi beinist að eða kann að verða fyrir íþyngjandi ákvörðun samkeppnisyfirvalda. Öðrum málsaðilum skulu sendar til upplýsinga lokaathugasemdir þess sem kvartað er yfir. Aðilum málsins skal um það tilkynnt þegar gagnaöflun er lokið.

16. gr.

Telji samkeppnisyfirvöld að íþyngjandi ákvörðun kunni að verða tekin í málum sem falla undir 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. samkeppnislaga og rekin eru að öllu leyti að eigin frumkvæði samkeppnisyfirvalda, skal taka saman greinargerð sem nefnist frumathugun. Í greinargerðinni skal helstu atvikum málsins lýst og greint frá grundvelli þess í aðalatriðum að tilteknað aðstæður eða háttsemi kunni að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ekki er nauðsynlegt að í frumathugun samkeppnisyfirvalda komi fram tæmandi lýsing á atvikum málsins eða sjónarmiðum samkeppnisyfirvalda.

Í frumathugun samkeppnisyfirvalda felst ekki bindandi stjórnvaldsákvörðun. Frumathugun er rituð í því skyni að stuðla að því að málið sé að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn.

Frumathugun skal send málsaðilum og þeim gefin hæfilegur frestur til að gera skriflegar athugasemdir við hana og koma að frekari skýringum og gögnum.

Heimilt er að taka saman frumathugun í öðrum málum en þeim sem nefnd eru í 1. mgr. ef atvik þykja óskýr eða æskilegt af öðrum orsökum að upplýsa málið frekar.

17. gr.

Að lokinni gagnaöflun leggur Samkeppnisstofnun mál fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr. reglna þessara.

Niðurstaða samkeppnisyfirvalda getur ýmist verið stjórnvaldsákvörðun, sem er bindandi að lögum, eða álit á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. eða 19. gr. samkeppnislaga.

18. gr.

Samkeppnisráði er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkeppnisstofnun er heimilt að ljúka með sátt málum sem heyra undir stofnunina skv. 3. gr. reglna þessara.

19. gr.

Eftir að máli er lokið skal niðurstaðan tilkynnt málsaðilum og er hún bindandi eftir að hún er komin til aðila. Veita skal leiðbeiningar um kærueimild og frest til að skjóta málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þegar það á við. Ákvörðun samkeppnisráðs skal birt á heimasíðu Samkeppnisstofnunar eftir að hún hefur verið send aðilum.

IV. KAFLI

Fundur samkeppnisráðs o.fl.

20. gr.

Að höfðu samráði við formann samkeppnisráðs boðar Samkeppnisstofnun til fundar í ráðinu. Ef meirihluti ráðsmanna krefst þess er skylt að boða til fundar. Með fundarboði skal fylgja dagskrá og gögn eftir því sem við verður komið.

21. gr.

Málsmeðferð fyrir samkeppnisráði skal vera skrifleg. Þó er unnt að heimila munnlega málsmeðferð þegar sérstaklega stendur á að mati ráðsins.

22. gr.

Samkeppnisráð er starfshæft þegar meirihluti ráðsmanna situr fund og ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Forstjóri Samkeppnisstofnunar og aðrir starfsmenn sem hann tilnefnir sitja fundi samkeppnisráðs. Haldnar skulu fundargerðir um fundi ráðsins.

23. gr.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt samkeppnislögum og stjórnsýslulögum.

V. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 672/1994.

Samkeppnisstofnun, 5. desember 2001.

Atli Freyr Guðmundsson.

Georg Ólafsson.